

Fundarboð 113. fundar

113. fundur framkvæmdastjórnar um vatnsverndarsvæði höfuðborgarsvæðisins var haldinn hjá Heilbrigðiseftirliti Reykjavíkur, Borgartúni 12-14, þann 13. janúar 2016 kl. 15-16.
Mætt: Páll Stefánsson, Þorsteinn Narfason, Árný Sigurðardóttir og Kristín Lóa Ólafsdóttir sem ritaði fundargerð.

Fundarefni:

1. Breyting á aðalskipulagi Mosfellsbæjar – breyting á landnotkun á svæði sunnan Leirtjarnar í Mosfellsdal.

Lögð fram breyting á aðalskipulagi Mosfellsbæjar 2011-2030, Selholt - breyting á landnotkun, Umhverfisskýrsla dags. september 2015, minnisblað Vatnaskila dags. 22. júní 2015 og bréf Skipulagsstofnunar dags. 9. desember 2015.

Nýtt svæðisskipulag fyrir höfuðborgarsvæðið, Höfuðborgarsvæðið 2040, tók gildi árið 2015. Hluti svæðisskipulagsins er nýtt vatnsverndarskipulag. Samtímis var staðfest ný samþykkt um vatnsverndarsvæði höfuðborgarsvæðisins (nr. 555/2015). Gildistöku vatnsverndarsvæða í Mosfellsdal var frestað til ársins 2018 sbr. skýringar í kafla 7.2 í greinargerð með endurskoðun vatnsverndar á höfuðborgarsvæðinu.

Aformuð breyting á Aðalskipulagi Mosfellsbæjar sunnan Leirtjarnar er á fjarsvæði vatnsverndar samkvæmt gildandi skipulagi. Rekstur „Víkingsþorps“ gæti samkvæmt heilbrigðissamþykkt og að mati framkvæmdastjórnar um vatnsvernd á höfuðborgarsvæðinu, fallið að reglum um fjarsvæði vatnsverndar enda yrði skilyrðum heilbrigðisnefndar fylgt en reglur um grannsvæði heimila ekki umrædda starfsemi. Það liggur fyrir að fella þurfi niður þá grannsvæðavernd sem fyrirhuguð er að taki gildi 2018. Rannsóknir verða að sýna að það sé gerlegt eða aðrar lausnir verði fundar.

Framkvæmdastjórnin vill ítreka að einn mesti áhættuþátturinn fyrir öryggi vatnsverndar er umferð ökutækja á vatnsverndarsvæðum. Beita þarf öllum tiltækum ráðum til að draga úr umferð á grannsvæðum vatnsbóla.

2. Fossvallaklif – Mosfellsbæ.

Lögð fram skýrsla Vatnaskila dags. desember 2015 um forkönnun á færslu fyrirhugaðs vatnsbóls í Fossvallaklif.

Framkvæmdastjórn óskar eftir því að fá málið sent þegar frekari gögn liggja fyrir.

3. Garðabær - deiliskipulag Heiðmerkur og Sandahlíðar.

Lögð fram tillaga að deiliskipulagi Heiðmerkur og Sandahlíðar og breytingu á aðalskipulagi Garðabæjar 2004-2016.

Framkvæmdastjórn um vatnsvernd á höfuðborgarsvæðinu minnir á þátt vatnsverndar í nýlega samþykktu svæðisskipulagi höfuðborgarsvæðisins og á samþykkt um verndarsvæði vatnsbóla nr. 555/2015. Mikilvægt er að sveitarfélög með lögsögu í Heiðmörk eða eiga land að henni hafi samráð um skipulag svæðisins. Skipulag útivistar og annarra landnota verða að vera á forsendum vatnsverndar þar sem varúðarsjónarmið eru höfð að leiðarljósi.

4. Heiðmerkurvegur - Heiðmörk.

Lögð fram ályktun samráðshóps um vatnsvernd og vatnsnýtingu Sambands sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu dags. 21. desember 2015 og minnisblað dags. 18. desember 2015.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 16:15